

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/29

2015/EES/63/25

frá 17. desember 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 19

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (<sup>1</sup>), einkum 1. mgr. 3. gr,

og að teknu tilliti til efðarfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 (<sup>2</sup>) voru samþykktir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Hinn 21. nóvember 2013 birti Alþjóðareikningsskilaráðið breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 19, starfskjör, sem nefnist réttindatengd kerfi: iðgjöld starfsmanna. Iðgjöld starfsmanna. Breytingarnar miða að því einfalda og skýra reikningsskilameðferð iðgjalta frá starfsmönnum eða þriðju aðilum sem tengist réttindatengendum kerfum.
- 3) Með samráði við sérfræðingahóp Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil er staðfest að breytingar á IAS-staðli 19 uppfylli tæknilegu skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ PESSA:

*I. gr:*

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 19, starfskjör, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr:*

Félög skulu beita breytingunum, sem vísað er til í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. febrúar 2015 eða síðar.

*3. gr:*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar;*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórnartíðindi ESB L 5, 9.1.2015, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, biður birtningar.

(<sup>1</sup>) Stjórnartíðindi ESB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjórnartíðindi ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

*VÍDAUKI***Réttindatengd kerfi: Íöggjöld starfsmanna Íöggjöld starfsmanna<sup>(3)</sup>**

(Breytingar á IAS-staðli 19)

Ákvæðum 93.-94. liðar er breytt og 175. lið er bætt við. Liður 92 er einungis hafður með til hliðsjónar.

**Tryggingafræðilegar forsendur: laun, kjör og lækniskostnaður**

...

92 Sum réttindatengd kerfi gera kröfu um framlög af hálfu starfsmanna eða þriðju aðila til að taka þátt í kostnaði vegna kerfisins. Íöggjöld starfsmanna lækka kostnað einingarinnar vegna framlaganna. Eining skal taka til athugunar hvort íöggjöld þriðju aðila lækki kostnað einingarinnar vegna framlaganna eða hvort þau séu endurgreiðsluréttindi eins og lýst er í 116. lið. Framlög af hálfu starfsmanna eða þriðju aðila eru annaðhvort sett fram í formlegum skilmálum kerfisins (eða leiða af ætlaðri skuldbindingu sem gildir umfram þá skilmála) eða eru að eigin ákvörðun. Framlög starfsmanna eða þriðju aðila, sem eru að eigin ákvörðun, lækka kostnað vegna áunninna réttinda við greiðslu þessara framlaga til kerfisins.

93 Framlög frá starfsmönnum eða þriðju aðilum, sem sett eru fram í formlegum skilmálum kerfisins, lækka annaðhvort kostnað vegna áunninna réttinda (ef þau tengjast vinnuframlagi) eða hafa áhrif á endurmat á hreimni réttindatengdri skuldbindingu (eign) (ef þau tengjast ekki vinnuframlagi). Dæmi um íöggjöld sem ekki tengjast vinnuframlagi er þegar (gerð er krafa um að framlög dragi úr tapi sem myndast vegna taps af eignum til greiðslu lífeyrir eða vegna tryggingafræðilegs taps). Ef framlög frá starfsmönnum eða þriðju aðilum tengjast vinnuframlagi lækka umrædd framlög kostnað vegna áunninna réttinda sem hér segir:

- a) ef fjárhæð framlaganna er háð fjölda starfsára skal eining jafna framlögum niður á fjölda ára til starfsaldurs með sömu skiptingaraðferð og gerð er krafa um í 70. lið vegna vergra greiðslna (þ.e. annað hvort með því að nota reiknilikan kerfisins fyrir framlög eða línulega) eða
- b) ef fjárhæð framlaga er óháð fjölda ára til starfsaldurs er einingunni heimilt að fera umrædd framlög sem lækkun á kostnaði vegna réttindaávinnslu á tímabilinu sem viðkomandi vinnuframlag er veitt. Meðal dæma um framlög sem eru óháð fjölda ára til starfsaldurs er þegar um er að ræða fast hlutfall af launum starfsmanns, fasta fjárhæð allt vinnuframlagstímabilið eða fjárhæðin ræðst af aldri starfsmannsins.

Ákvæði liðar A1 veita leiðbeiningar um viðeigandi beitingu.

94 Að því er varðar framlög frá starfsmönnum eða þriðju aðilum, sem er jafnað niður á vinnuframlagstímabil í samræmi við a-lið 93. liðar, valda breytingar á framlögum eftirfarandi:

- a) kostnaði vegna réttindaávinnslu yfirstandandi og fyri tímabils og fyri tímabila (ef þessar breytingar eru ekki settar fram í formlegum skilmálum kerfis og eru ekki afleiðing af ætlaðri skuldbindingu), eða
- b) tryggingafræðilegum hagnaði og tapi (ef þessar breytingar eru settar fram í formlegum skilmálum kerfis, eða eru afleiðing af ætlaðri skuldbindingu).

...

**AÐLÖGUN OG GILDISTÖKUDAGUR**

...

175 *Réttindatengd kerfi: Íöggjöld starfsmanna* (breytingar á IAS-staðli 19), sem gefinn var út í nóvember 2008, fól í sér breytingar á 93.-94. lið. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar, í samræmi við IAS-staðl 8, reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur. Fyrri beiting er heimil. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum breytingum fyrir fyrra tímabil.

**Breyting á viðbætum við IAS-staðal 19, starfskjör**

Viðbæti A er bætt við.

<sup>(3)</sup> „Afritun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn, að frátoldum rétti til afritunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn mega teljast. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareikningsskilaráðinu (IASB) á [www.iasb.org](http://www.iasb.org)“

## Viðbætir A

### Leiðbeiningar um beitingu

Þessi viðbætir eru óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins. Hann lýsir beitingu 92.-93. liðar og hefur sama gildi og aðrir hlutar IFRS-staðalsins.

A1 Reikningsskilakröfur vegna framlaga frá starfsmönnum eða þriðju aðilum eru sýndar í neðangreindri skýringarmynd.



